

## YFIRLÝSING UM GERÐ, VIÐHALD OG KVÖÐ UM VEG

Skjalnúmer: 007596  
Móttæki til þinglýsingar  
15. SEP. 2023

Við undirritaðir, Óli Garðar Kárason f.h. Ó.K. grafa ehf., kt. 700402-7380, þinglýsts eiganda Miðdalslands 1 Ó, Mosfellsbæ, fasteignanúmer F2501156, landeignanúmer L226500 (vísað til sem lóðar L226500), Hjálmar Guðmundsson, kt. 021265-4629, þinglýstur eigandi Miðdalslands 1 P, Mosfellsbæ, fasteignanúmer F2501153, landeignanúmer L226501 (vísað til sem lóðar L226501) og Friðrik Jóhannsson, kt. 251057-5599, þinglýstur eigandi „Úr Miðdalslandi“, Mosfellsbæ, fasteignanúmer F2331442 og landeignanúmer L125370 (vísað til sem lóðar L125370), (einnig sameiginlega nefndir „aðilar“) gerum með okkur svohljóðandi samkomulag um lagningu og rekstur vegar og kvöð um veg.

### Skipting kostnaðar við veglagningu og viðhald

Aðilar eru sammála um að standa saman að kostnaði vegna fyrirhugaðrar lagningu vegar, sem mun liggja frá línuvegi í landi L123625 (Dallandi) sem liggur frá Nesjavallavegi, um lóðir L226500 og L226501 og snerta norðaustur horn lóðar L125370, sbr. uppdrátt á fylgiskjali 1. Mun eigandi lóðar L125370 kosta vegagerð frá þeim punkti og inn í sitt land.

Land undir veginum verður í eigu þinglýstra eigenda þess lands sem vegurinn liggur um þ.e. lóða L226500 og L226501. Aðrar tilgreindar lóðir eiga hinsvegar kvöð um umferð um veginn í gegnum þær lóðir sem vegurinn liggur um. Vegurinn kemur í stað eldri vegarlóða sem liggur um lóðirnar og að lóð L125370. Unnið er að deiliskipulagi fyrir lóð L226500 og er gert ráð fyrir að lóðinni verði skipt upp í 10 frístundalóðir. Unnið er að deiliskipulagi fyrir lóð L226501 og er gert ráð fyrir að lóðinni verði skipt upp í 5 frístundalóðir. Að meðtalinni lóð L125370 er um að ræða samtals 16 lóðir og munu lóðahafar allra þessara lóða eiga frjálsan og óhindraðan umferðarrétt um nefndan veg að lóðum sínum.

Kostnaður við veglagningu og viðhald vegarins skal skiptast jafnt niður á eigendur tilgreindra 16 lóða. Ber hver lóðarhafi ábyrgð á greiðslu síns hlutar í kostnaði við gerð og viðhald vegarins.

Þinglýsa skal yfirlýsingu þessari á lóðir L226500, L226501 og L125370 og nýjar lóðir sem yfirlýsing þessi gerir ráð fyrir að stofnaðar verði úr þeim.

Öllu framangreindu til staðfestingar rita aðilar undir yfirlýsingu þessa.

-undirritunarsíða fylgir-

INNFÆRT

25. SEP. 2023





Reykjavík, 14-9 2023

Óli Garðar

Óli Garðar Kárason, kt. 220571-4759  
f.h. Ó.K. grafa ehf., kt. 700402-7380  
(L226500)

Hjalmar Guðmundsson

Hjalmar Guðmundsson, kt. 021265-4629  
(L226501)

Friðrik Jóhannsson

Friðrik Jóhannsson, kt. 251057-5599  
(L125370)

Vottar að rétttri dagsetningu, fjárræði, og undirritun ofangreindra aðila:

Stefan Sigurðsson 0207574869

Nafn kt.

Kolbrinn Friðjónsdóttir 300465-5959

Nafn

kt.

Fylgiskjal 1

Fyrirhuguð lega vegs, sýnd með grænni línu.



Staðfesting á legu vegar:

A handwritten signature or mark in black ink, consisting of a stylized, cursive shape.